



# Auglýst eftir fjárfestum - Uppbygging atvinnuhúsnæðis í Búðardal

DALABYGGÐ / 23. JANÚAR, 2025 / FRÉTTIR

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf. í samstarfi við Byggðastofnun og sveitarfélagið Dalabyggð leitar eftir fjárfestum vegna byggingar atvinnuhúsnæðis í Búðardal.

Byggðastofnun og Dalabyggð hafa undirritað viljayfirlýsingu þess efnis að Byggðastofnun muni leggja til fjármagn í verkefnið, allt að 150 m.kr., og Dalabyggð muni leggja til lóð, teikningar, gatnagerð og lagnir að lóð þar sem atvinnuhúsnæði mun rísa.

Um er að ræða tilraunaverkefni þar sem markmiðið er að reisa atvinnuhúsnæði á stað þar sem vontun á fjárfestingu í atvinnuhúsnæði hefur hamlað framþróun.

Leitað er að samstarfsaðilum sem vilja koma inn sem fjárfestar í verkefninu, byggingaraðilum sem jafnframt hafa áhuga á því að fjárfesta í verkefninu eða kaupendum á eignarhlut í húsnæðinu.

Ahugasamir skulu skila inn skriflegu erindi í gegnum heimasíðu [Fjárfestingafélagsins Hvamms](http://www.fhvammur.is/hafa-samband) ([www.fhvammur.is/hafa-samband](http://www.fhvammur.is/hafa-samband)) fyrir mánudaginn 3. febrúar 2025.

Í erindinu skal koma fram hvernig aðkomu viðkomandi verður háttað og hvort þeir hyggist óska eftir eignarhlut og þá hve stórum ( $m^2$ ).

Nánari upplýsingar veita Pétur Friðjónsson hjá Byggðastofnun, netfang: [peturf@byggdastofnun.is](mailto:peturf@byggdastofnun.is), og Jóhanna María Sigmundsdóttir hjá Dalabyggð, netfang: [johanna@dalir.is](mailto:johanna@dalir.is).

Öllum erindum verður svarað og áhugasönum boðið til fundar eftir að umsóknarfresti lýkur.